

## Fundargerð

### 311. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 2. september 2021 kl. 8<sup>30</sup>–10<sup>00</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestir: Gunnlaug Einarisdóttir (GE) ÚS  
Hildur Hauksdóttir (HH)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar.

*Samþykkt, án áritunar.*

#### 2. Veifarferasamningur.

Lögð fram umsögn Umhverfisstofnunnar, dags. 17. ágúst 2021, um drög að veifarferasamningi og framhaldið umræðum frá síðasta stjórnarfundi.

Ákveðið var á síðasta fundi stjórnar að halda fund með UST með þátttöku Úrvinnslusjóðs, SFS og UAR. Rætt um niðurstöður fundarins sem var haldinn 31. ágúst 2021.

Sagt var frá því að allmargar athugasemdir hafi komið fram við umsögn UST frá SFS. Ákveðið var að halda samtali áfram milli SFS og UST til að fara yfir framkomnar athugasemdir.

BGH ræddi um framleiðendaábyrgð vegna t.d. línu sem ekki er hægt að endurvinnna.

Stjórnarmenn yfirfóru athugasemdir við fundargerð stjórnarfundar 309, frá 1. júlí. LHG lagði fram tillögur að breytingum á fundargerð.

*Fundargerð 309. fundar samþykkt með breytingum*

#### 3. Pappaumbúðir.

Lagt var fram á fundinum framlegðarmódel fyrir pappaubúðir sem sýnir þróun mála á heimsmarkaði fyrir úrgang úr pappa og pappír. Endurgjald á mörkuðum erlendis hefur hækkað verulega frá því það var lægst í janúar 2020.

Pappa- og pappírsumbúðir eru fluttar út til endurvinnslu frá nokkrum höfnum landsins og er kostnaður þjónustuaðila við útflutning hærri frá höfnum utan Reykjavíkur, vegna aukins kostnaðar af hendi skipafélaga. Núverandi endurgjald endurspeglar ekki þennan mismun. Núverandi endurgjald fyrir pappaubúðir er 18 kr./kg. Tillaga um að lækkun á endurgjaldi var lögð fram.

*Stjórn samþykkir að lækka endurgjald fyrir pappírs- og pappaubúðir í 14 kr./kg frá og með 1. september 2021.*

#### **4. Lagabreytingar.**

Gunnlaug Einarsdóttir (GE) starfsmaður Úrvinnslusjóðs mætti á fundinn. GE hefur tekið saman yfirlit yfir helstu breytingar og atriði sem stjórn og starfsmenn Úrvinnslusjóðs þurfa að taka til umfjöllunar í kjölfar breytinga á lögum í vor (hringrásarhagkerfi) og stefnumótun ráðherra í úrgangsmálum.

GE lagði fram og fór yfir glærur er hún hefur tekið saman um þessar breytingar. Umræðu frestað.

#### **5. Ársreikningur.**

Á síðasta fundi voru lagðir fram ársreikningar 2017-2020 sem stjórn ákvað að ganga frá í ljósi breytinga á ákvæðum laga um úrvinnslugjald um tekjur sjóðsins.

Óskað hefur verið eftir því við Fjársluna að í ársreikningum verði gerð grein fyrir tekjum af úrvinnslugjald og sýndur munur á fjárheimildum ársins og tekjum af úrvinnslugjaldi auk þess sem rætt hefur verið við UAR um málið.

Farið var yfir að fyrirhugaður er fundur með UAR og FJS um málið. LHG gerði tillögu um að BSB taki þátt í fundinum með ÓK. *Samþykkt.*

#### **6. Önnur mál.**

Rætt var um fyrirhugaðan ársfund Úrvinnslusjóðs.

Næsti fundur 23. september 2021 kl. 8:30.

Fundi slitið kl. 10:00